

ENDURSKOÐUNARNEFND

Árið 2015, miðvikudaginn 14. október, var haldinn 98. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 8:35. Viðstödd voru: Ólafur B. Kristinsson, Inga Björg Hjaltadóttir, Ingvar Garðarsson og Sunna Jóhannsdóttir. Fundarritari var Anna Margrét Jóhannesdóttir.

Þetta gerðist

1. Lögð var fram endurskoðunaráætlun ytri endurskoðenda vegna endurskoðunar ársreiknings 2015, dagsett 14. október 2015. Lilja Dögg Karlsdóttir og Guðný Helga Guðmundsdóttir tóku sæti á fundinum undir þessum lið og kynntu endurskoðunaráætlun. Í kynningunni var farið yfir nálgun og áherslur í endurskoðun á ársreikningi Reykjavíkurborgar fyrir árið 2015.
2. Kynning á drögum að erindisbréfi fyrir innri endurskoðun Sorpu bs. Samþykkt að formaður endurskoðunarnefndar taki að sér að fara yfir drögin í samvinnu við aðra nefndarmenn og skila ábendingum eftir því sem við á til útivistunaraðilans PWC um innri endurskoðun fyrir Sorpu.
3. Kynning á gagnasvæði Innri endurskoðunar Orkuveitu Reykjavíkur. Guðmundur Ingi Bergþórsson, innri endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur, og Anna Margrét Björnsdóttir, skjalavörður Orkuveitu Reykjavíkur, tóku sæti á fundinum undir þessum lið.

Skjalavörður Orkuveitu Reykjavíkur kynnti gagnasvæði, Lindina, sem auðveldar miðlun gagna frá innri endurskoðanda Orkuveitu Reykjavíkur. Lagt var til að aðgengi að þessu gagnasvæði væri gert fyrir endurskoðunarnefnd og Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar.
Samþykkt

4. Lagðar fram til kynningar tvær lokaskoðanir Innri endurskoðunar Orkuveitu Reykjavíkur. Guðmundur Ingi Bergþórsson tók sæti á fundinum undir þessum lið.
 - a. Innri endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur lagði fram og kynnti niðurstöður „Lokaskoðun á áhættustýringu Orkuveitu Reykjavíkur sef. – skýringar“, dagsett 09.10.2015.
 - b. Innri endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur lagði fram og kynnti niðurstöðu „Lokaskoðun á fjárstýringu, fjármögnun og markaðsáhættu Orkuveitu Reykjavíkur sef. – skýringar“, dagsett 09.10.2015.
5. Lögð fram til kynningar drög að endurskoðuðum reglum um fjárhagsáætlun borgarinnar, „FMS-STE - Reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg“, dagsett 11.09.15. Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar og Halldóra Káradóttir, skrifstofustjóri á Fjármálaskrifstofu, tóku sæti á fundinum undir þessum lið. Eftirfarandi var rætt undir þessum lið.
 - a. Almenn umræða um afkomu borgarinnar. Bent var sérstaklega á tvö atriði sem gætu vegið þungt í niðurstöðu ársreiknings borgarinnar fyrir árið 2015. Annars vegar áhrif af endurskoðun á tryggingafræðilegum forsendum við að meta gjaldfellingu lífeyrisskuldbindinga þar sem gera má ráð fyrir umtalsverðri viðbótargjaldfærslu og hins vegar áhrif kjarasamninga.
 - b. Umfjöllun um fjárhagsáætlunarvinnu A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar. Farið var yfir fyrirkomulag vinnuferlisins við gerð fjárhagsáætlunar og gerð grein fyrir forsendum fjárhagsáætlunar. Fjárhagsáætlun verður lögð fyrir borgarráð 29. október sef. og fyrir borgarstjórn 3. nóvember.

6. Rætt var um innleiðingu á nýju mannauðs- og launavinnslukerfi fyrir Reykjavíkurborg. Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar og Halldóra Káradóttir, skrifstofustjóri á Fjármálaskrifstofu, tóku sæti á fundinum undir þessum lið.

Fram kom að gert er ráð fyrir að nýtt mannauðs- og launavinnslukerfi verði tekið í notkun 1. janúar 2016. Innleiðingin er um fjórum vikum á eftir áætlun, en unnið er að samkeyrslu við núverandi kerfi á haustmisseri. Í byrjun nóvember verður gert stöðumat þar sem metið verður hvort framlengja þurfi samningi við Advania og lengja tímabil samkeyrslu. Greint var frá aðkomu Innri endurskoðunar og ytri endurskoðenda við vöktun á innleiðingu nýja kerfisins.

7. Umfjöllun um umbótavinnu í tengslum við ábendingar Innri endurskoðunar, endurskoðunarnefndar og ytri endurskoðenda. Frestað.
8. Lögð voru fram drög að breyttum starfsreglum Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar IE15030010. Drög að breyttum starfsreglum voru samþykkt með breytingatillögu frá formanni endurskoðunarnefndar. Samþykkt
9. Lagt fram til kynningar minnisblað um framgang verkefna Innri endurskoðunar frá fjórða ársfjórðungi 2014 til fjórða ársfjórðungs 2015 „Yfirlit yfir framgang verkefna innri endurskoðunaráætlunar Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar“, dagsett 12.10.15.
10. Lagt fram bréf formanns endurskoðunarnefndar til stjórnarformanns Strætó bs. um fyrirkomulag verðkönnunar á innri endurskoðun fyrir Strætó bs. Samþykkt
11. Lagt fram erindi frá stjórnarformanni Faxaflóahafna sf. um að endurskoðunarnefnd aðstoði við gerð verðkönnunar á innri endurskoðun fyrir Faxaflóahafnir sf. Samþykkt
12. Önnur mál
 - a. Umræða um þátttöku nefndarmanna í verkefnum sem gætu mögulega fallið undir hagsmunaárekstur og þau verkefni sem falla ekki undir slíkt. Inga Björg Hjaltadóttir gerði nefndinni grein fyrir því að KPMG hefði óskað eftir því að hún stæði fyrir námskeiði um góða stjórnarhætti fyrir starfsfólk KPMG. Formaður og aðrir nefndarmenn töldu þetta verkefni ekki falla undir mögulegan hagsmunaárekstur við hennar nefndarstörf.
 - b. Verkefni framundan. Formaður endurskoðunarnefndar verður fjarverandi á næsta fundi nefndarinnar þann 16. nóvember 2015 og var einum nefndarmanni, Ingu Björg Hjaltadóttur, falið að stýra næsta fundi nefndarinnar.

Fundi slitið kl. 12:15

Ólafur B. Kristinsson

Inga Björg Hjaltadóttir
Sunna Jóhannsdóttir

Ingvar Garðarsson

ENDURSKOÐUNARNEFND

Árið 2015, mánudaginn 19. nóvember, var haldinn 100. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var símafundur fundurinn hófst kl. 13:04. Inn hringdu Inga Björg Hjaltadóttir, Ingvar Garðarsson og Sunna Jóhannsdóttir. Fundarritari var Hallur Símonarson.

Þetta gerðist

1. Lögð fram drög að árshlutareikningi Orkuveitunnar janúar – september 2015 ásamt drögum að umsögn endurskoðunarnefndar til stjórnar fyrirtækisins um reikninginn dagsett í dag. IE15050006
Drög að umsögn endurskoðunarnefndar samþykkt
2. Lögð fram drög að árshlutareikningi Félagsbústaða janúar – september 2015 ásamt drögum að umsögn endurskoðunarnefndar til stjórnar fyrirtækisins um reikninginn dagsett í dag. IE15050006
Drög að umsögn endurskoðunarnefndar samþykkt

Fundi slitið kl. 13:09

Inga Björg Hjaltadóttir
Sunna Jóhannsdóttir

Ingvar Garðarsson

ENDURSKOÐUNARNEFND

Árið 2015, mánudaginn 23. nóvember, var haldinn 101. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn að Tjarnargötu 12 og hófst kl. 11:04. Viðstaddir voru: Ólafur Kristinsson og Ingvar Garðarsson. Fundarritari var Hallur Símonarson. Birgir Björn Sigurjónsson, Gísli Hlíðberg Guðmundsson og Einar Bjarki Gunnarsson frá fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar taka sæti á fundinum undir liðum 2 – 5.

Þetta gerðist

1. Lagður fram árshlutareikningur Strætó bs. 1. janúar – 30. september 2015. IE15050006
2. Kynnt drög að árshlutareikningi A hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu 1. janúar – 30. september 2015 ásamt skýrslu fjármálaskrifstofu við framlagningu níu mánaða uppgjörs Reykjavíkurborgar 2015. IE15050006
3. Lögð fram drög að umsögn endurskoðunarnefndar til borgarráðs um árshlutareikning A hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu 1. janúar til 30. september 2015. IE15050006
Samþykkt að fela formanni endurskoðunarnefndar að ganga frá umsögn til borgarráðs með vísan til heimildar í III kafla starfsreglna endurskoðunarnefndar sem samþykktar voru 19.8.2015 um afgreiðslu mála á milli funda.
4. Lögð fram fyrirspurn endurskoðunarnefndar sem send var fjármálastjóra 23. október sl. um;
 - a. áhrif breytingar á lífeyrisskuldbindingu á ársreikning A hluta Reykjavíkurborgar 2015,
 - b. aðstoð við afstemmingu eiginfjár í uppgjöri A hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu fyrir árið 2015 og
 - c. verklagsreglur um eignfærslu viðhaldskostnaðar. IE15120006
Frestað.
5. Lagt fram erindi fjármálastjóra – ósk um umsögn endurskoðunarnefndar um tillögu fjármálaskrifstofu til borgarráðs um breytingu á reglum um gerð fjárhagsáætlunar dags. 17. nóvember 2015.

Bókun endurskoðunarnefndar:

Endurskoðunarnefnd hefur farið yfir tillögu fjármálaskrifstofu til borgarráðs um breytingu á reglum um gerð fjárhagsáætlunar og hefur ekki athugasemdir við hana. Endurskoðunarnefnd telur þó að vel fari á því að í reglunum sé sérstök athygli vakin á eftirlits- og vöktunarhlutverki sem Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar hefur í umboði borgarráðs.

6. Lagt fram erindi formanns borgarráðs um aukaverk KPMG í tengslum við rekstrarúttekt á Söngskóla Sigurðar Dementz dags. 6. nóvember 2015. Einnig lagt fram erindi KPMG um staðfestingu óhæði KPMG gagnvart því að framkvæma umrædda rekstrarúttekt dags. 18. nóvember 2015. IE15010002

Sigurður Björn Blöndal og Birgir Björn Sigurjónsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Samþykkt.

Bókun endurskoðunarnefndar:

Endurskoðunarnefnd telur að fyrirhuguð úttekt á rekstrarhæfi söngskóla Sigurðar Dementz sé eðlilegur þáttur í ákvörðunartöku borgarinnar þegar um er að ræða

ráðstöfun rekstrarstyrkja til langs tíma. Vakin er athygli á því að verkefni sem þetta fellur að mati nefndarinnar undir ákvæði í greinum 290.175 – 290.180 í siðareglum félags löggiltra endurskoðenda. Áætlað umfang þessa verkefnis er samkvæmt umsögn KPMG til nefndarinnar um 50-100 klst. Með hliðsjón af því að verkefnið er óverulegt að umfangi og að það standist ákvæði greinar 290.180 gerir endurskoðunarnefndin ekki athugasemd við þessa ráðstöfun en leggur áherslu á að umfang úttektarinnar verði í samræmi við það sem KPMG gerir ráð fyrir í umsögn sinni til nefndarinnar. Eins og fram kemur í útboðslýsingu fyrir ytri endurskoðunarþjónustu er meginreglan sú að ekki sé leitað til ytri endurskoðanda borgarinnar um ráðgjöf eða önnur verkefni sem eru til þess fallin að draga óhæði þeirra í efa. Jafnframt telur nefndin rétt að vekja athygli á hættunni á því að endurskoðandi geti bæði verið í hlutverki ráðgjafa og úttektaraðila samkvæmt ákvæði 3. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga.

7. Lagt fram erindi framkvæmdastjóra Sorpu um endurupptöku á afgreiðslu endurskoðunarnefndar á beiðni Sorpu bs. um aukaverk KPMG í tengslum við metanmarkaðinn dags. 18. nóvember 2015. IE15010007
Frestað.
8. Lagt fram erindi frá KPMG - Uppgjör vegna vinnu við endurskoðun ársreiknings Reykjavíkurborgar 2014 – uppfært. Jafnframt lögð fram sundurliðun KPMG á reikningum vegna viðbótarverkefna tengdum endurskoðun og/eða aukaverkum hjá A hluta Reykjavíkurborgar og B-hluta fyrirtækja á tímabilinu frá maí 2014 til og með ágúst 2015 dags. 16. september 2015 sem nefndin hafði óskað eftir síðastliðið vor.
Frestað.
9. Lögð fram ósk KPMG um viðbótarverk vegna endurskoðunar 2015 - Úttekt á innleiðingu á nýju launakerfi í tengslum við endurskoðun dags. 28. október 2015. Jafnframt lagt fram svar formanns endurskoðunarnefndar dags. 29. október 2015 sem sent var á milli funda með vísan til heimildar í III kafla starfsreglna endurskoðunarnefndar sem samþykktar voru 19.8.2015 um afgreiðslu mála á milli funda. IE15010002

Endurskoðunarnefnd staðfestir samþykki viðbótarverks sem fram kemur í rafbréfi formanns endurskoðunarnefndar til KPMG dags. 28.10.2015.

Fundi slitið kl. 13:45

Ólafur Kristinsson

Ingvar Garðarsson

ENDURSKOÐUNARNEFND

Árið 2015, fimmtudaginn 3. desember, var haldinn 102. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn að Tjarnargötu 12 og hófst kl. 8:34. Viðstaddir voru: Ólafur Kristinsson, Inga Björg Hjaltadóttir og Sunna Jóhannsdóttir. Fundarritari var Hallur Símonarson.

Guðmundur Ingi Bergþórsson tekur sæti á fundinum undir liðum 1–4.

Þetta gerðist

1. Lagt fram erindi framkvæmdastjóra innri endurskoðunar Orkuveitu Reykjavíkur sef. um stefnumótun innri endurskoðunar Orkuveitu Reykjavíkur sef. dags. 5. nóvember 2015. IE15120003
Frestað.
2. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra innri endurskoðunar Orkuveitu Reykjavíkur sef. um innra gæðamat á innri endurskoðun Orkuveitu Reykjavíkur sef. dags. 5. nóvember 2015. IE15080004
Frestað.
3. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra innri endurskoðunar Orkuveitu Reykjavíkur sef. um þróun í virkni eftirlitsþátta í þremur skoðunum dags. 5. nóvember 2015. IE15120004
4. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra innri endurskoðunar Orkuveitu Reykjavíkur sef. um gerð verkefnaáætlunar 2016 – til upplýsinga dags. 5. nóvember 2015. IE15120002
5. Lagt fram erindi framkvæmdastjóra Sorpu um ósk um endurupptöku á afgreiðslu endurskoðunarnefndar á beiðni Sorpu bs. um aukaverk KPMG í tengslum við metanmarkaðinn dags. 18. nóvember 2015. IE15010007
Hafnað.

Björn Hafsteinn Halldórsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Bókun endurskoðunarnefndar:

Endurskoðunarnefnd telur sér ekki fært verða við ósk framkvæmdastjóra Sorpu bs. um endurupptöku fyrri afgreiðslu og vísar til rökstuðnings í bréfi nefndarinnar til stjórnar Sorpu bs. dags. 19. ágúst 2015

6. Lagt fram ódags. yfirlit frá KPMG um aukaverk frá maí 2014 – ágúst 2015
IE15120005
7. Lögð fram drög að minnisblaði frá fjármálastjóra Reykjavíkurborgar um lífeyrisskuldbindingu borgarsjóðs vegna LSRb dags. 3. desember 2015. IE15120006

Birgir Björn Sigurjónsson, Einar Bjarki og Gísli Hlíðberg Guðmundsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Lagt fram bréf innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar til stjórnar Strætó bs. um innri endurskoðun fyrirtækisins dags. 1. desember 2015. IE15090005

Samþykkt að óska eftir upplýsingum frá stjórn Strætó bs. um það hvort umsögn endurskoðunarnefndar um niðurstöðu verðkönnunar, sem send var stjórn fyrirtækisins í byrjun nóvember, hafi legið til grundvallar ákvörðunar á því vali stjórnarinnar sem fram kemur í fundargerð frá 13. nóvember þar sem umsagnar nefndarinnar er ekki getið í fundargerð.

9. Rætt um stöðu ábendinga Innri endurskoðunar til fjármálaskrifstofu um uppgjörsferli Reykjavíkurborgar og samstæðu sbr. eftirfylgniúttekt Innri endurskoðunar frá því í apríl 2015. IE13080001

Samþykkt að óska skriflega eftir upplýsingum frá fjármálastjóra um stöðu ábendinga í skýrslu Innri endurskoðunar og skýrslu KPMG frá 30. mars til borgarstjóra um ábendingar vegna endurskoðunar á reikningsskilum Reykjavíkurborgar fyrir árið 2014.

Fundi slitið kl. 11:51

Ólafur Kristinsson

Inga Björg Hjaltadóttir

Sunna Jóhannsdóttir